



4. fundur stjórnar LH 2022-2024
1. febrúar 2023 kl. 19:36
Fjarfundur

Mætt: Guðni Halldórsson, Hákon Hákonarson, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Sóley Margeirsdóttir

Edda Rún Ragnarsdóttir og Unnur Rún Sigurpálsdóttir, úr aðalstjórn.

Sveinn Heiðar Jóhannesson Gróa Baldvinsdóttir, Birna Tryggvadóttir úr varastjórn.

Fjarverandi: Valdimar Magnús Ólafsson

Forföll boðaði: Ólafur Gunnarsson, Randi Holker

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerðar

2. Verkefnastaða í nefndum

Stjórnarmenn fóru yfir stöðu verkefna í þeim nefnum sem þeir eiga sæti í.

Reiðveganefnd: Frestur til að sækja um reiðvegafé 2023 er 28. feb. Verið er að vinna að uppgjöri fyrir árið 2022.

Öryggisnefnd: Nefndin hefur fundað einu sinni og mikill kraftur í hópnum. Viðræður um samstarf við VÍS standa yfir, í skoðun hvort hægt sé að nýta atvikakerfi VÍS fyrir hestaslys.

Útbreiðslunefnd: Hefur fundað einu sinni, mikill metnaður og áhugi meðal nefndarmanna. Ræddu um félagshúsin, ætla að taka næst fyrir hvernig hægt er að kynna hestamennsku betur.

Tölvunefnd: Nefndin fundar stíft þessar vikur og er að fara yfir verkefni nefndarinnar og forgangsraða málum í Sportfeng.

Menntanefnd: Verið að kynna þjálfarastig LH, sem er ný leið til að ná sér í reiðkennaramenntun.

Keppnisnefnd: Lágmark fyrir Íslandsmót verða gefin út á næstu dögum.

Æskulýðsnefnd: Mun funda eftir FEIF þingið.

Dómaranefnd: Hefur verið að funda og ræða hlutverk eftirlitsdómara ofl. Fundur með samskiptaráðgjafa ÍSÍ í næstu viku.

Landsliðsnefnd: Fundur boðaður 14. febrúar.

Valnefnd: Búið að kalla eftir tilnefningum í nefndina.

Mannvirkjanefnd: Hefur hittst og er komin með í efni frá fyrri nefndum sem er gott innlegg í beinagrind fyrir kröfur sem gerðar eru fyrir stórmót.

3. Minnisblað starfshóps um stöðu reiðvegamála

Afgreiðsla: Frestað.

4. Samstarf við Orkuna



LH stendur í viðræðum við Orkuna um mögulegt styrktarsamstarf. Samningsdrög gera ráð fyrir að LH afhendi Orkunni félagslista, en gæta þarf vel að persónuverndarsjónarmiðum í því samhengi.

Afgreiðsla: Mikilvægt að félagsmenn viti fyrirfram í hvaða verkefni styrkurinn renni, ef af verður, til að hvatninn verði meiri að nýta kortið. GH, GBB, og BK vinna málið áfram.

5. Önnur mál

a. fundarferð stjórnar

Óska eftir umræðuefni frá félögunum, um hvað þau óska eftir að ræða.

– Fundarstaðir, finna þarf hentugar dagsetningar

Höfuðborgin

Borgarnes

Skagafjörður/Hólar (föstudagur)

Eyjafjörður

Egilsstaðir

Suðurland

b. Pistlar stjórnar

Framkvæmdastjóra falið að setja upp plan og skipta á milli stjórnarmanna viðfangsefnum til að fjalla um í pistlum. Verði fastur liður á heimasíðu á 2ja vikna fresti.

c. Sportabler

Tenging við Sportfeng er ekki komin í gagnið en fyrirtækið lofar bót og betrun á næstu dögum

d. Íslandsbanki boðaði formann LH, formann landsliðsnefndar og framkvæmdastjóra á fund og báðust afsökunar á bréfi starfsmanns bankans. Lýstu yfir vilja til samstarfs og verið er að vinna að samstarfssamningi á milli LH og Ísfb.

e. Ráðningarferli nýs starfsmanns kynningarmála

BK, HH, ÓG, ÞKS og GH falið að vinna að ráðningu.

Fundi slitið kl. 20:44